

ÁRSSKÝRSLA  
2006

**fjs** FJÁRSÝSLA  
RÍKISINS





ÁRSSKÝRSLA  
2006

FJÁRSÝSLA RÍKISINS  
MARS 2007



# EFNISYFIRLIT

	Bls.
<b>Formáli fjársýslustjóra</b>	4
<b>Um Fjársýslu ríkisins</b>	6
Hlutverk og stefna	6
Markmið og áherslur	7
<b>Rafræn stjórnsýsla - bætt umhverfi</b>	8
Minni pappír	8
Rafræn skilríki	9
Rafræn viðskipti - Rafrænir reikningar	9
<b>Starfsemin á árinu 2006</b>	14
Umsvif	14
Fjármál	17
Starfsmenn og þróun	17
Kennitölur	18
<b>Ársreikningur 2006</b>	23
Staðfesting ársreiknings	25
Áritun endurskoðenda	26
Rekstrarreikningur	27
Efnahagsreikningur	28
Sjóðstreymi	29
Skýringar með ársreikningi	30

## FORMÁLI FJÁRSÝSLUSTJÓRA

Mikilvægt viðfangsefni Fjársýslu ríkisins (FJS) er að reyna að stuðla að bættri upplýsingagjöf og þjónustu við fjármálayfirvöld, ráðuneyti og ríkisstofnanir. Í samfélagi nútímans aukast kröfur sífellt til áreiðanlegra og tímanlegra reikningsskila. Verður það aðeins gert með hæfu starfsfólki og öflugum upplýsingakerfum.

Undanfarin ár hefur FJS haft yfirumsjón með innleiðingu á Oracle fjárhags- og mannauðskerfi (OEBS) hjá ríkissjóði, ráðuneytum og ríkisstofnunum. Ákveðið var að festa kaup á samþættu upplýsingakerfi sem býður upp á heildarlausn fyrir viðkomandi rekstrareiningu hvort heldur hún er stór eða smá. Í því felst að A-hluta aðilum er boðið upp á samþætt kerfi fyrir reikningshald, launagreiðslur, tímaskráningu og vaktaáætlanir, starfsmannahald, pantanir og birgðahald (vörustýring), samþykktarferli fyrir reikninga, verkbókhald o. s. frv. Í grófum dráttum má segja að rúmlega 90% ráðuneyta og ríkisstofnana hafi tekið upp fjárhagshluta kerfisins en allir aðilar nota launa- og starfsmannahlutann. Aðeins ein ríkisstofnun hafði ekki tekið mannauðshluta kerfisins í notkun í árslok 2006 en hún byrjaði í upphafi árs 2007. Tiltölulega fáar ríkisstofnanir nýta vörustýringu og verkbókhald í kerfinu.

Innleiðing á jafn viðamiklu upplýsingakerfi hjá svo mörgum aðilum samtímis er gríðarlega erfitt verkefni og verður ekki sagt að það hafi gengið þrautalaust. Í dag er þó hægt að líta yfir farinn veg með nokkru stolti ekki síst í ljósi þess hve verkefni af þessu tagi hafa reynst mörgum erfið. FJS mun leggja áherslu á að reyna að efla þekkingu hjá þeim starfsmönnum sem vinna með kerfið hjá ráðuneytum og ríkisstofnunum með hagnýtum námskeiðum og leiðbeiningum. Jafnframt þarf að bæta inn skjámyndum og skýrslum í samráði við notendur.

Verkefni framtíðarinnar verður að nýta þann öfluga hugbúnað sem við höfum yfir að ráða. Segja má að fyrsta skrefið í þá átt hafi verið stigið um áramótin 2006/2007 þegar horfið var frá útsendingu launaseðla í pósti og boðið upp á rafræna launaseðla í staðinn sem birtast í heimabönkum launþega. Launaseðlarnir eru einnig aðgengilegir starfsmönnum í sjálfsafgreiðslu OEBS. Er hér um að ræða mjög jákvætt spor, bæði með tilliti til sparnaðar og umhverfis-sjónarmiða. Frekari verkefni í þessa veru eru áformuð og má í því sambandi nefna rafræna stjórnsýslu og reikninga sem fjallað er um sérstaklega hér í skýrslunni. Þá hefur verið unnið að endurskipulagningu á upplýsingagjöf um ríkisfjármálin í heild sinni innan ársins bæði hvað snertir mánaðarlegar upplýsingar og fyrir ársfjórðungana.

Rekstur FJS á árinu 2006 var 3,8% innan fjárheimilda ársins. Gjöld umfram sértekjur námu 1.040 millj. kr. en framlag ársins nam 1.081 millj. kr. Tekjuafkoman var því hagstæð um 41 millj. kr. Rekstrargjöld umfram sértekjur námu 430 millj. kr., rekstur upplýsingakerfa 593 millj. kr. og stofnkostnaður vegna upplýsingakerfa 17 millj. kr. Starfsmannafjöldi í árslok 2006 var svipaður og í ársbyrjun eða 73, þar af voru 29 karlar og 44 konur. Starfsmannavelta ársins nam 11% og var hún óbreytt frá árinu á undan.

**Gunnar H. Hall**  
fjársýslustjóri





# UM FJÁRSÝSLU RÍKISINS

## Hlutverk og stefna

FJS starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum. FJS er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Fjárslustjóri veitir henni forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra til fimm ára í senn.

### Hlutverk

Hlutverk stofnunarinnar er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins. Jafnframt ber stofnuninni að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð.

### Gildi

FJS hefur sameiginleg gildi að leiðarljósi sem eiga að tryggja samræmi í daglegu starfi hennar.

- Uppfylla þarfir hagsmunaaðila, þar með talda viðskiptavini, samstarfsaðila og samfélagið í heild.
- Traust og áreiðanleiki við meðferð fjármuna og færslu bókhalds.
- Vera fyrirmynd annarra fyrirtækja og stofnana með áherslu á frumkvæði, nýsköpun og hæfni.

### Framtíðarsýn

- FJS kappkosti að veita viðskiptavinum sínum hraða og örugga þjónustu.
- Stofnunin verði góð fyrirmynd á sínu sviði hvað varðar fagmennsku í starfi.
- Vera leiðandi fyrir ríkið á sviði bókhalds- og áætlanagerðar og hafa frumkvæði við að innleiða hagnýtar nýjungar í tækni og vinnubrögðum.
- Upplýsingakerfi ríkissjóðs verði öflug, hagkvæm í rekstri og svari kröfum notenda.

### Verkefni

1. Gerð og framsetning uppgjöra fyrir ríkissjóð, ásamt útgáfu ríkisreiknings.
2. Móttaka innheimtufjár og annast greiðslur fyrir ríkissjóð.
3. Samræming og gerð verklagsreglna fyrir bókhald og reikningsskil ríkisins.
4. Rekstur upplýsingakerfa, þróun og ráðgjöf er tengist notkun þeirra.
5. Ráðgjöf og kennsla fyrir ríkisaðila um bókhald, reikningsskil, innheimtu og launaafgreiðslu. Einnig ráðgjöf um nýtingu fjárhagsupplýsinga við fjármálastjórn.
6. Eftirfylgni með því að bókhald stofnana sé uppfært reglulega og um tilhögun innra eftirlits.
7. Færsla fjárhags- og launabókhalds og annast greiðslur fyrir ríkisstofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.
8. Umsjón með innheimtugagnavinnum ríkissjóðs.





## Markmið og áherslur

### Almennar áherslur

Lögð er áhersla á að FJS veiti hagkvæma og góða þjónustu. Hún er þjónustustofnun og því mikilvægt að viðskiptavinir séu ánægðir. Það verður aðeins tryggt með góðri þjónustulund hjá starfsfólki, traustri sérfræðikunnáttu og hagnýtum upplýsingakerfum sem eru örugg í rekstri. Jafnframt er áriðandi að upplýsingakerfin séu öflug og skilvirk þannig að þau svari kröfum notenda hverju sinni.

Mikilvægt er að efla samstarf við viðskiptavini og samstarfsaðila. Þróun hugbúnaðar skiptir miklu máli í bókhaldi og því mikilvægt að vel sé staðið að því í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

FJS leggur áherslu á áframhaldandi þróun og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfi Oracle hjá ríkissjóði, ráðuneytum og stofnunum. Hér er um viðamikil verkefni að ræða, sem þarf að fylgja eftir með frekari þróun, öflugri fræðslustarfsemi og verklagsreglum fyrir notendur kerfisins. Að öðrum kosti næst aldrei sú hagræðing sem að var stefnt með fjárfestingunni.

### Stjórnunaráherslur

Sérstaða FJS felst í ákveðinni sérfræðipækkingu á bókhaldi og upplýsingakerfum hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum. Verkefnin eru bæði víðtæk og sérhæfð. Lykilárangursþáttur stofnunarinnar er að hún hafi á að skipa hæfu starfsfólki sem býr yfir víðtækri þekkingu á því sviði sem stofnunin starfar á. FJS hefur lagt fram áherslur í starfsmannastjórnun innan stofnunarinnar með það fyrir augum að auðvelda vinnuna og samræma áherslur. Þessar áherslur miða að því að veita stjórnendum yfirsýn yfir mannauð stofnunarinnar og að bæta upplýsingaflæði innan stofnunarinnar.

### Mannauður

Starfsemi FJS einkennist af mikilli sérhæfingu, verkaskiptingu og samræmingarstarfi á upplýsingum og gögnum sem unnið er með. Í því felast ákveðin þekkingarverðmæti og mikilvæg tengsl við samstarfsaðila og viðskiptavini. Áriðandi er að starfsmenn eigi kost á fræðslu í ljósi krafna um sérhæfingu, góða þjónustu og notkun á nýrri tækni. Stofnunin gerir jafnframt kröfur til starfsfólks um öguð vinnubrögð og að það ljúki sínum verkum tímanlega, t.d. í tengslum við launaútborganir, greiðslur styrkja og bóta, greiðslur reikninga, færslu bókhalds o.s.frv. Almennt er starfsfólkið meðvitað um mikilvægi, nákvæmni og tímanleika fyrir verkefni stofnunarinnar og leggur metnað í að leysa störf sín vel af hendi. Lögð er áhersla á að gefa starfsmönnum kost á að sækja nauðsynlega fræðslu og endurmenntun til að styrkja þekkingu þeirra og hæfni í starfi.

## RAFRÆN STJÓRNSÝSLA - BÆTT UMHVERFI

Um nokkurra ára skeið hafa stjórnvöld boðað áherslu á rafræna stjórnsýslu og þá miklu hagræðingu sem henni fylgir. Í því samhengi má nefna nokkur atriði í daglegu lífi sem ná má fram með þessum hætti eins og spöruð spor við útfyllingu á alls kyns eyðublöðum og pöntunum, minni umferð, tímasparnað og minni eyðslu á pappír. Ávinningurinn er augljós bæði með tilliti til kostnaðar- og umhverfissjónarmiða. Íslenskt samfélag hefur þróast tiltölulega hratt að þessu leyti á síðustu árum og nægir þar að nefna tilkomu heimabanka, rafrænar greiðslur, tollafgreiðslur, útfyllingu skattframtala og rafræna launaseðla. Sá þáttur sem hefur verið einna helst takmarkandi varðandi þróun rafrænna ferla snýr einkum að öryggishliðinni sem skiptir auðvitað höfuðmáli.

Hér á eftir verður fjallað um aðgerðir sem unnið er að varðandi frekari þróun rafrænna samskipta, rafrænna reikninga, áherslur á öryggismál í tengslum við rafræna ferla og minni pappírnotkun. Stefnt er að því að allar stofnanir ríkisins geti tekið við og sent frá sér rafræna reikninga fyrir árslok 2008.

### Minni pappír

Með tilkomu tölvutækninnar fyrir alllöngu síðan töldu margir að mikilvægur fylgifiskur hennar fælist í minni pappírnotkun. Reyndin hefur orðið allt önnur og þess í stað hefur notkun á pappír aukist ár frá ári. Ör þróun við nýtingu á rafrænum ferlum á síðustu árum býður upp á verulegar breytingar í þessu tilliti og unnt verður að draga úr pappírnotkun í umtalsverðu magni. Sífellt fleiri fyrirtæki hér á landi hafa dregið úr pappírnotkun og miðlað upplýsingum rafrænt til neytenda. Nægir að minna á kröfur sem birtast í heimabankanum pappírslaut, rafræna launaseðla sem verða sífellt algengari og Atlantslóu sem sendir viðskiptavinum kvittanir í tölvupósti.

FJS hefur lagt sitt af mörkum á þessar vogarskálar með nokkrum verkefnum. Fyrst ber að nefna launaseðla ríkisins sem fóru í rafrænt form í OEBS um áramótin 2006/2007. Þeir birtast nú í heimabanka hvers og eins og eru einnig aðgengilegir í sjálfsafgreiðslu launakerfisins. Þó geta þeir sem þess óska sérstaklega fengið launaseðla sína senda á pappír í pósti í hverjum mánuði. Útsendir launaseðlar hafa verið um 25 þúsund í hverjum mánuði. Innan við 10% starfsmanna hafa óskað eftir að fá þá senda á pappír eftir breytinguna.

Hjá nokkrum stærstu stofnunum ríkisins eins og Landspítala-háskólasjúkrahúsi, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og Vegagerðinni hefur verið unnið að því undanfarin misseri að taka upp rafræn innri viðskipti í OEBS. Pantanir og reikningar vegna viðskipta milli deilda innan stofnananna eru pappírslaus. Til dæmis eru pantanir til birgðastöðva spítalanna frá deildum alfarið rafrænar og reikningar til deilda eru það einnig. Þarna er um að ræða umtalsvert magn skjala sem aldrei fer á pappír.

Greiðslumóttaka í Tekjubókhalddkerfi ríkisins sem FJS rekur er umfangsmikil. Undanfarin ár hefur kerfið gefið út um tvær milljónir kvittana á ári í tvíriti. Áður fyrr fékk gjaldandinn frumritið en ríkissjóður hélt eftir afriti sem geyma þurfti í mörg ár. Frá og með árinu 2006 eru kvittanir prentaðar út í einriti sem gjaldandi fær, en afrit ríkissjóðs er rafrænt. Notuð eru rafræn skilríki til að staðfesta með trúverðugum hætti að skjalinu hafi ekki verið breytt frá móttöku greiðslunnar.



Allar þessar breytingar spara ríkissjóði og ríkisstofnunum umtalsverða peninga í útprentunar-, sendingar- og geymslukostnaði. Í því felst einnig þægilegra vinnuumhverfi með minni hávaða og pappír í umhverfi starfsfólks. Gögn eru aðgengilegri í rafrænu formi en á pappír sem býðir um leið betri þjónustu við borgarann.

## Rafræn skilríki

Stjórnvöld í samstarfi við bankana hafa hrundið af stað verkefni um rafræn skilríki sem mun gjörbreyta því hvernig einstaklingar nota netið og hvernig staðið verður að viðskiptum með aðstoð rafrænnar tækni. Rafræn skilríki eru tækni sem hefur verið áratugi í þróun. Í því samhengi má nefna að undanfarin ár hefur fjármálaráðuneytið staðið fyrir tilraunaverkefni um notkun rafrænna skilríkja með þátttöku ýmissa ríkisstofnana þ.á.m. FJS. Árangurinn af þessu verkefni er meðal annars sá að frá og með haustinu 2007 munu debetkort bankanna innifela rafræn skilríki sem landsmenn munu geta nýtt til að auðkenna sig með rafrænum hætti. Í því felst möguleiki einstakra stofnana og fyrirtækja til að einfalda öryggiskerfi og aðgangsstýringar verulega í upplýsingakerfum sínum með því að nýta rafrænu skilríkin.

Einnig mun þetta gera notandanum kleift að auðkenna sig með trúverðugum hætti á netinu. Þar með opnast möguleikar til að veita margvíslega þjónustu sem hefur ekki verið unnt til þessa. Hægt verður að birta einstaklingi ýmsar upplýsingar er varða hann sjálfan úr upplýsingakerfinu í fullvissu þess að viðkomandi sé á hinum enda tengingarinnar. Að sjálfsögðu verður ávallt að liggja fyrir heimild Persónuverndar fyrir slíkri birtingu. Í þessu felast fjölmargir möguleikar til að einfalda afgreiðslu ýmissa mála hjá opinberum aðilum.

Rafræn skilríki gefa einnig kost á rafrænni undirritun einstaklinga, svo sem á umsóknir og yfirlýsingar. Þau tryggja að hægt er að sanna hver skrifaði undir viðkomandi skjal, hvenær og jafnframt að því hafi ekki verið breytt síðan. Nú þegar gefur embætti Ríkisskattstjóra út staðfest eintak af framtali með rafrænni undirskrift sem staðfestir uppruna þess. Samningar og aðrar skuldbindingar gætu einnig orðið rafrænar, en þá þarf að huga sérstaklega að þinglýsingu rafrænna skjala. Slík þjónusta er ekki til staðar í dag en gera má ráð fyrir að hugað verði að slíku verkefni á komandi árum.

Um þessar mundir erum við rétt að sjá fyrstu tækifæri notkunar á rafrænum skilríkjum. Vafalítið munu þau umbylta hugmyndum okkar um netið með því að skapa umhverfi þar sem ríkir gagnkvæmt traust á milli aðila og gjörbreyta þannig allri þjónustu og viðskiptaháttum.

## Rafræn viðskipti - Rafrænir reikningar

Rafræn viðskipti eru ekki nýtt fyrirbæri. Fyrir rúmlega 40 árum hófu menn tilraunir við að senda pantanir og reikninga á milli fyrirtækja á rafrænu formi. Árangurinn varð EDI formið sem varð að alþjóðlegum staðli undir heitinu EDIFACT. Sá staðall hefur verið í notkun hér á landi s.l. 15 ár og reynst afar vel. Upp úr miðjum síðasta áratug hóf embætti Tollstjóra að rafvæða alla afgreiðslu á tollskýrslum með EDI tækni með góðum árangri. Þar tókst að leysa mikinn biðraðavanda, minnka kostnað, bæta þjónustu og ánægju notenda með aðstoð tækninnar. Fyrirtæki í vörudreifingu eða flutningum hafa notað EDI til að miðla upplýsingum um pantanir og greiðslur sín á milli og einnig á milli vöruhúsa og verslana. Nú er svo komið að heildsalar geta vart selt stóru verslunarkeðjunum vöru nema þeir geti tekið við pöntun á rafrænu formi. Í aðfangakeðjunni eru því upplýsingar um vörunnar, vörulistar, pantanir og reikningar orðnar hluti af vörunni. Upplýsingakerfin eru því að verða hjartað í starfsemi fyrirtækja.

Almenn viðskipti neytenda við verslanir eru hins vegar miklu einfaldara ferli. Viðskiptin eru stopul og ekki byggð á fyrirfram fastmótuðum samningum eða fyrirfram skilgreindu flutningskerfi fyrir rafræn skjöl. Reikningar eru einfaldlega form til að gera upp viðskiptin. Sama gildir um megnið af kaupum ríkisins á vöru og þjónustu. Reikningarnir eru flestir mjög einfaldir, lágar upphæðir og tilkomnir vegna tilfallandi viðskipta, þ.e. án formlegrar pöntunar á rafrænu formi. Til að styðja við slíka viðskiptahætti hafa menn horft til svokallaðs XML staðals sem hefur þróast samhliða netinu og hefur það hlutverk að senda upplýsingar á milli tölvukerfa.

## ■ En hvað er þetta XML?

XML varð til um árið 1998. Það er ekki forritunarmál heldur aðferð til að lýsa gögnum og er mikið notað við vistun gagna og í samskiptum á milli tölva. Markmiðið er að í XML skjali séu nægar upplýsingar til að lýsa innihaldi þess, þ.e. skjalið lýsir sjálfu sér án þess að byggja á öðrum skjölum eða skilgreiningum. XML er notað til þess að lýsa innihaldi ýmissa skjala, til dæmis reikninga. Með XML er hægt að skilgreina rafrænan reikning með óbyggjandi hætti þar sem gilda skýrar reglur um merkingu gagnanna og þar með um innihald hans.

Notagildi XML tækni byggist á því að ólík tölvukerfi geti tekið við XML skeytum, túlkað þau og komið upplýsingum inn og út úr tölvukerfum á þann hátt að aðrar tölvur geti notað þær með sama hætti. M.ö.o. þá lýsir XML formið gögnum á þann hátt að mörg ólík tölvukerfi geta skilið þau á sama hátt.


Tækifæri til sparnaðar eru síðan fólgin í verkaskiptingu milli tölvukerfa og miðlun upplýsinga milli tölva með sjálfvirkum hætti. Þetta þýðir að tölva getur sent annarri tölvu XML skeyti með upplýsingum og óskað eftir að unnið sé úr þeim og að svari sé síðan skilað aftur á XML. Smám saman verður unnt að fækka þeim tilvikum þar sem mannshöndin þarf að koma nærri við miðlun upplýsinga eða framkvæmd úrvinnslunnar.

## ■ Fordæmi Dana og alþjóðlegt samstarf

Í febrúar 2005 tóku gildi lög í Danmörku sem skuldbundu öll fyrirtæki landsins til að senda reikninga á rafrænu formi til ríkis og sveitarfélaga. Annars fengjust þeir ekki greiddir. Í dag skila um 2/3 hlutar allra reikninga sér rafrænt til ríkisins, en afgangurinn er skannaður inn. Þetta átak Dana undanfarin tvö ár sýnir að hægt er að skipta út pappír fyrir rafræn skjöl í verkefni sem nær yfir heilt þjóðfélag með samræmdu átaki allra hagsmunaaðila. Þetta átak ríkisins hefur þegar sýnt að það skilar mikilli hagræðingu bæði fyrir einkamarkaðinn og samfélagið í heild.

Reynsla Dana bendir til að reikningar séu rétti staðurinn til að byrja á við rafvæðingu innkaupa. Að rafvæða reikninga dregur með sér innkaupaferlið, pantanir, vörulýsingar, samninga og önnur viðskiptaskjöl á síðari stigum innleiðingar. Þar sem reikningar og greiðslur hafa vissa sérstöðu í viðskiptum er þessi leið möguleg. Þetta fyrirkomulag leiðir til þess að reikningar fást ekki greiddir nema þeir berist á rafrænu formi. Í dönskum blöðum var sögð saga af danska skattinum sem fékk pappírsreikning frá fyrirtækinu sem vistaði heimasíðu þeirra. Reikningurinn fékkst þar af leiðandi ekki greiddur og áður en hann komst loks í rafrænt form hafði rekstraraðilinn lokað heimasíðu skattsins.

Undanfarin misseri hafa íslensk stjórnvöld unnið að skipulagningu á rafrænum innkaupum með notkun XML reikninga í huga. Því féll átak Dana vel að þeirri stefnumótun. Til að tryggja sátt við atvinnulíf um form reikninga var ákveðið á árinu 2006 að vísa málinu til ICEPRO, samtaka atvinnulífs um rafræn viðskipti, og tóku þau að sér að þróa form rafræns reiknings fyrir íslenskt atvinnulíf.



Um sama leyti hófst samstarf milli Norðurlandþjóðanna um samræmingu rafrænna skjala í viðskiptum milli landanna. Í því starfi hefur mikið verið litið til fordæmis Dana. FJS hefur tekið virkan þátt í starfi samnorrænu nefndarinnar. Markmið vinnunnar hefur verið að samræma innihald helstu skeyta í rafrænum viðskiptum, svo sem vegna reikninga og pantana. Mest áhersla hefur verið lögð á að samræmi sé milli landanna hvað varðar innihald skeytanna og viðskiptareglur, þ.e. hvernig beri að skilja einstök atriði í skeytunum. Markmiðið er að unnt verði að tryggja hindrunarlaus rafræn viðskipti á milli landanna með pöntunum og reikningum á samræmdu rafrænu formi.

Tilgangurinn með starfi ICEPRO er að vinna að samráði allra hagsmunaaðila í rafrænum viðskiptum. Til að vinna ríkisins skili fullum árangri er mikilvægt að samræma notkun staðla milli ríkis og einkamarkaðar. Handbók ICEPRO um notkun XML reikninga var tilbúin í lok árs 2006. Í henni er byggt á svokölluðum UBL 2.0 staðli og er hann einnig lagður til grundvallar vinnunni í norræna verkefninu. UBL er „XML-mállýska“ þar sem búið er að setja reglur um innihald skeytanna, skýra ýmsar viðskiptareglur þ.a. aðilar í viðskiptum séu sammála bæði varðandi innihald og notagildi skeytanna.

Samræming viðskiptareglna er sérstakt stefnumál stjórnvalda og grunnur að átaki í rafrænum viðskiptum. Ef ekki er sátt um viðskiptareglur getur það leitt til viðskiptahindrana. Því er svo mikilvægt að viðskiptareglur séu samræmdar. Stærri fyrirtæki á markaði geta í krafti stærðar sinnar náð fram ákveðinni samræmingu sem skilar þeim hagræðingu. En með stöðlun skapast grunnur fyrir minni aðila að nýta sér tækni sem þeir gætu ekki annars. Markaðir fyrir samhæfðar lausnir opnast og með þeim hætti verða rafrænar lausnir raunhæfur kostur, jafnvel fyrir minnstu fyrirtæki á markaði.

## ■ Innleiðing á Íslandi

Á UT-deginum í byrjun mars 2007 kynnti fjármálaráðherra meðal annars stefnu fjármálaráðuneytisins varðandi „Rafræn innkaup ríkisins - Stefna, markmið og átaksverkefni“. <sup>1</sup> Þar er meðal annars sett það markmið að á árinu 2008 eiga allar stofnanir ríkisins að geta tekið við og sent rafræna reikninga. Lögð er áhersla á að rammisamningsaðilar ríkisins taki upp þetta fyrirkomulag við fyrsta tækifæri. Einnig er til athugunar að ríkissjóður, ráðuneyti og ríkisstofnanir taki eingöngu við reikningum á rafrænu formi frá og með árinu 2009 eða 2010.

Í samræmi við þessa stefnumótun er hafinn undirbúningur við innleiðingu á rafrænum reikningum hjá FJS. Markmiðið er að allar stofnanir sem nota OEBS, geti tekið við og sent reikninga á rafrænu formi. Við þessa vinnu er stuðst við handbók ICEPRO og byggt á UBL formi. Í framhaldi af því verður þess óskað að þau fyrirtæki sem geta búið til reikninga á UBL formi, sendi reikninga til ríkisins byggða á því formi. Í viðskiptakerfum á markaði þarf því að koma til stuðningur við XML form reikninga. Gera má ráð fyrir að hugbúnaðarhús muni á næstu misserum bregðast við stefnumótun stjórnvalda með því að bæta slíkum stuðningi við. Í Danmörku er slík þróun í fullum gangi.

Við stefnumótun sem þessa verður einnig að huga að þörfum minnstu aðila á markaði, þ.e. lítille fyrirtækja og einyrkja. Þar gæti markaðurinn brugðist við með sérstökum heimasíðum sem sérhæfa sig í að búa til og senda reikninga á rafrænu formi. Til greina getur komið að byggja slíkar þjónustur inn í heimabanka eða aðrar vefsíður sem veita svipaða þjónustu. Markaðurinn mun ráða því.

<sup>1</sup> Sjá <http://www.fjarmalaraduneyti.is/utgefing-efni/>.

Í fyrstu má ætla að reikningar berist áfram á pappír og rafrænt afrit af reikningi verði sent milli aðila. Pappírseintakið tryggir áfram lagalega stöðu skjalsins en rafræna afritið hjálpar til við bókun reikningsins, tryggir réttari og meiri upplýsingar. Rafræna eintakið býður einnig upp á að kerfið leggi til bókunarstreng byggðan á innihaldi reikningsins og komi honum til samþykktar innan kerfisins. Í framtíðinni verður pappírnum sleppt og rafrænn reikningur jafngildir frumriti. Í því samhengi þarf að huga bæði að lagalegu og tæknilegu hliðinni.

### ■ Lagaumhverfi

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að rafrænn reikningur er ekki það sama og pappírslaus reikningur. Hægt er að senda reikning á rafrænu formi sem aðeins er ætlað að léttu vinnu og auka gæði, en senda jafnframt reikning á pappír sem löglegt form. Að reikningurinn sé eingöngu rafrænn er meiri háttar breyting. Þá þarf að tryggja með óyggjandi hætti hver er sendandi hans og hvort innihald reiknings hafi breyst frá því hann var sendur.

Í EDI heiminum, þar sem samskiptaleiðir milli aðila eru fyrirfram ákveðnar, er öryggi gagna fólgið í öryggi flutningsleiðarinnar. Með tilkomu nýrrar tækni sem byggir á „Internet“ stöðlum og opnum hugbúnaði er umhverfið gjörbreytt. Þegar skeyti eru flutt svipað og tölvupóstur yfir opin net eftir leiðum sem ekki eru fyrirfram ákveðnar, verður að tryggja öryggi upplýsinganna með öðrum hætti. Ýmis konar tækni er tiltæk til að mæta þessum markmiðum, en gefa þarf markaðnum tækifæri og tíma til að þróa mismunandi lausnir fyrir ólíka hagsmuni. Þó er rétt að benda á að með tilkomu rafrænna skilríkja er unnt að auðkenna og votta viðskiptaaðila yfir opin fjarskiptanet og undirrita viðskiptaskjöl með óyggjandi hætti.

### ■ Burðarlag – Rafrænt þjónustulag ríkisins

Til að ná fram hagræðingu og sparnaði þarf að fækka þeim tilvikum þar sem mannshöndin kemur nærri. Það er gert með því að auka sjálfvirkni í tölvum og með því að láta vélar skipta með sér verkum með sjálfvirkum hætti. Í dag fara notendur t.d. inn á heimasíður flugfélaganna og velja sér verð. Tölvur sjá síðan um að bóka ferðina og tryggja greiðslu, allt með sjálfvirkum hætti án þess að mannshöndin komi að afgreiðslu málsins.

Með sama hætti mun notandi geta farið inn á vefinn island.is og sótt t.d. um skemmtanaleyfi. Vélin sem sér um vefinn kallar þá á viðkomandi leyfisveitingakerfi og sendir umsóknina þangað til afgreiðslu. Hún mun einnig hafa samband við Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) og óska eftir að þar verði stofnuð krafa á einstaklinginn. TBR hefur síðan samband við Reiknistofu bankanna til að birta kröfuna í heimabanka viðkomandi einstaklings og samhliða því sendir kerfið tekju- og kröfufærslur úr TBR til bókunar í fjárhagshluta OEBS. Eftir að krafan er greidd er upplýsingum um það skilað til leyfisveitingakerfisins og leyfið er veitt.

Það sem er athyglisvert við þetta dæmi er að samskiptin verða að mestu sjálfvirk. Í þessu dæmi veita tölvukerfin hvert öðru þjónustu og verkaskiptingin er fyrirfram ákveðin með sjálfvirkum hætti. Enginn starfsmaður kemur að málinu nema til að afgreiða sjálft leyfið. Öll bakvinnsla verður vélræn við að stofna kröfuna, birta hana í banka, taka við greiðslu, skila í bókhald og staðfesta til leyfisveitingakerfis. Við uppbyggingu á ferlum sem þessum er mikilvægt að leggja mikla áherslu á alla eftirlitsþætti í kerfunum.

Í þessu samhengi er XML grundvallartækni sem gerir okkur kleift að breyta fyrirkomulagi á gagnavinnslu og samskiptum véla. Með henni er unnt að láta vélar skipta með sér verkum og afgreiða



mál með meiri sjálfvirkni en hægt hefur verið til þessa. Huga þarf vel að stöðlun, allir aðilar verða að vera sammála um hvernig vélarnar eiga að „tala“ saman, hvernig öryggi gagna er best tryggt og hver má biðja hvern um hvað. Slík sjálfvirkni kallar almennt á breytt vinnubrögð, störf munu breytast og ábyrgð og eftirlit færast til.

### ■ Hvers vegna rafræna reikninga hjá ríkinu?

Rafræn innkaup eru sérstakt áttak í Evrópu um þessar mundir innan eEurope framkvæmda-áætlunarinnar. Þar er lögð áhersla á rafrænan innri markað þar sem ríkisstjórnir og fyrirtæki eru hvött til að taka upp rafræn viðskipti. Á Íslandi hefur fjármálaráðuneytið gert drög að aðgerða-áætlun undir heitinu „Rafræn innkaupastefna“ þar sem markmiðið er að allar ríkisstofnanir geti gert innkaup sín með fyllilega rafrænum hætti fyrir lok ársins 2009.

Í úttekt ráðuneytisins um málaflokkinn er lögð sérstök áhersla á rafræna reikninga sem lykil að því að drífa áfram rafræn innkaup. Við athugun á kostum þess að taka upp rafræna reikninga kemur í ljós að það er hagkvæmt fyrir íslenska ríkið. Athuganir í Danmörku<sup>2</sup>, Svíþjóð<sup>3</sup> og Noregi benda til að hægt sé að spara um 8-12 mínútur við meðhöndlun hvers reiknings ef hann er móttækinn á rafrænu formi. Íslenskar athuganir benda til að þessar tölur eigi einnig við hér á landi. Minni skráning, færri villur, bættar upplýsingar, betri yfirsýn og skilvirkni í meðhöndlun reikninga eru atriði sem benda má á til stuðnings þessu fyrirkomulagi.

Í stuttu máli má segja að þrjú kostir séu í boði:

- Í fyrsta lagi að *gera ekkert* og leyfa þeim stofnunum sem sjá sér hag í rafrænum viðskiptum að gera það. Þá má reikna með að stærri ríkisstofnanir myndu taka upp rafræn viðskipti og njóti af því nokkurs bata. Aðrar stofnanir myndu halda áfram að leggja áherslu á skönnun reikninga með tilheyrandi kostnaði. Heildarhagur fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og stofnanir yrði lítil, engin stöðlun eða samræming og áhrif á einkamarkað lítil.
- Í öðru lagi að stjórnvöld séu „*enabler*“ en í því felst að gera öllum ríkisstofnunum kleift að taka á móti rafrænum reikningum og senda, án þvingunar gagnvart birgjum. Þá myndu allar stofnanir geta nýtt sér slík viðskipti upp að nokkru marki. Gallinn er að þá þarf að viðhalda tvöföldu kerfi sem ræður bæði við rafræna og pappírs reikninga. Með þeim hætti yrðu margir möguleikar til hagræðingar ekki nýttir, svo sem endurhönnun vinnuferla og betra yfirlit yfir reikningaflæði. Heildarhagur fyrir stjórnvöld yrði meiri en ef ekkert er gert, stöðlun og samræming nokkur og áhrif á einkamarkað umtalsvert meiri.
- Í þriðja lagi að *skylda alla* til að senda reikninga á rafrænu formi til ríkissjóðs, ráðuneyta og ríkisstofnana. Stofnkostnaður við þennan valkost er hæstur, því hann kostar vinnu gagnvart litlum stofnunum og birgjum sem sjá sér ekki hag í rafrænum viðskiptum til skemmri tíma. En með þessari leið nýtast margir kostir til hagræðingar sem annars myndu ekki standa til boða. Heildarhagur fyrir stjórnvöld fæli í sér umtalsverða hagræðingu og mikil áhrif á einkamarkaðinn.

Niðurstaða nefndar á vegum fjármálaráðuneytisins um stefnumótun í rafrænum innkaupum ríkisins var ótvíræð. Hagkvæmast væri að innleiða notkun rafrænna reikninga þar sem allir aðilar eru skyldaðir til að senda inn reikninga á rafrænu formi. Er það sama niðurstaða og fengist hefur á hinum Norðurlöndunum þar sem þetta hefur verið kannað. Einnig er ljóst að miðlæg lausn er mun hagkvæmari heldur en ef einstakar stofnanir reyna að byggja upp sértækar lausnir fyrir eigin þarfir.

<sup>2</sup> Analyse af besparelses- og innovationspotentiale ved digitalisering af forrentingsprocesser. KPMG. 15.02.2005

<sup>3</sup> Förstudie om e-fakturering för statliga myndigheter, Ekonomistyrningsverket. 24.10.2005

## STARFSEMIN Á ÁRINU 2006

### Umsvif

Í byrjun árs 2006 var tekin í notkun ný útgáfa af vefsíðu FJS með viðamiklum breytingum á útliti hennar. Breytt vefsíða gefur meðal annars færi á auknu notagildi þar sem meðal annars er unnt að beita aðgangsstýringu innan síðunnar. Í því felst tækifæri til að setja inn á síðuna margvíslegt efni sem fyrirfram skilgreindir einstaklingar geta einir nálgast með lykilorði.

Í apríl var undirritaður stofnanasamningur milli FJS og starfsmanna sem var unninn af stofnana-nefnd FJS. Samningurinn gildir frá 1. maí 2006 en hann nær til allra starfsmanna FJS sem eru ýmist í Félagi starfsmanna stjórnarráðsins eða Félagi háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins. Launum starfsmanna var varpað í nýja launatöflu fyrir hvort félag og tóku breytingarnar gildi frá sama tíma. Töluverð undirbúnings- og samræmingarvinna fór fram áður en vörpunin var framkvæmd. Undanfarin ár hefur FJS lagt fram nýjar og breyttar áherslur í starfsmannastjórnun með það fyrir augum að bæta hana og samræma áherslur. Stofnunin var því vel í stakk búin til að takast á við aukið hlutverk sem fylgir nýjum stofnanasamningi.

Ríkisreikningur fyrir árið 2005 kom út í júlí með nýju og fersku útliti. Ársreikningar stofnana voru jafnframt unnir í fyrsta sinn beint úr OEBS fjárhagskerfi ríkissjóðs.

Á haustmánuðum var afgreiðsla FJS sameinuð á jarðhæð hússins á sama stað og ríkisfjárhirslan er staðsett. Af þessari breytingu hlaut nokkurt hagræði með sameiningu á margvíslegum verk-efnum hinna ýmsu sviða á einn stað.

Árlegur fundur fjársýslustjóra á Norðurlöndunum var haldinn hér á landi að þessu sinni. Fundarstaður var Reykholt og fór hann fram skömmu eftir miðjan september. Þótti hann takast vel í alla staði.

Áfram var haldið þeirri stefnu FJS að stuðla að því að stærri ríkisstofnanir annist sjálfar eigið bókhald og umsýslu greiðslna. Rökin þar að baki eru einkum þau að með því sé tryggð betri yfirsýn á fjármálin og þar með traustari stjórnun á þeim. Á árinu 2006 var meðal annars aðstoðað við að flytja bókhald og greiðsluþjónustu til Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Er hér um að ræða nýja og töluvert stóra stofnun sem varð til við sameiningu á nokkrum heilsugæslustöðvum, þar af voru fimm í þjónustu FJS áður.

Seinni hluta ársins var ákveðið að fela tilteknum starfsmanni að sinna verkefnum við innra eftirlit hjá FJS. Tengjast þau verkefni einkum innra eftirliti með margbreytilegum upplýsingakerfum stofnunarinnar og hugmyndum um breytingar á reikningsskilum ríkisins. Upplýsingakerfin og tengslin á milli þeirra verða sífellt flóknari. Þörfin fyrir alls kyns afstemmingar og eftirlit eykst með degi hverjum, en þessum þætti þarf að sinna vel og má ekki vanmeta. Hér er um að ræða öryggisþætti sem þurfa að vera traustir hjá stofnun á borð við FJS sem fer með mikla fjármuni fyrir hönd ríkissjóðs og annast rekstur stærstu upplýsingakerfa landsins.

Um áratugaskeið hefur FJS tekið saman í hverjum mánuði yfirlit um fjármál ríkissjóðs fyrir fjármálayfirstjórnina. Hingað til hafa þessi uppgjör að mestu takmarkast við fjármál ríkissjóðs í þröngum skilningi, þ.e. þau umsvif sem tengjast inn- og útstreymi hjá ríkisfjárhirslunni. Með nýju upplýsingakerfi ríkisins, OEBS, er unnt að víkka sjónarhornið með því að lesa beint á bókhald allra stofnana og ráðuneyta eins og það stendur hverju sinni í gagnagrunninum. Í því samhengi þarf einkum að huga að tveimur þáttum. Annars vegar að tryggja að þeir aðilar sem nýta kerfið





séu jafnan með uppfært bókhald. Hins vegar þarf að afla mánaðarlegra upplýsinga frá þeim stofnunum sem færa sitt bókhald í öðrum kerfum en OEBS. Á haustmánuðum 2006 fór af stað umfangsmikil undirbúningsvinna við þetta verkefni. Stofnunum utan OEBS voru kynnt þessi áform og óskað eftir að þau skiluðu þessum upplýsingum til FJS á ákveðnu formi eigi síðar en 20. næsta mánaðar á eftir. Í aðalatriðum skilaði undirbúningsvinnan góðum árangri og langflestir hafa brugðist vel við þessari málaleitan. Fyrsta yfirlitið sem unnið var með hinu breytta sniði var fyrir janúar 2007 og gekk það að mörgu leyti vel. Ávinningurinn af þessu starfi á vafalítið eftir að skila sér í framtíðinni bæði í marktækari niðurstöðum um ríkisfjármálin og betra eftirliti með fjármálum einstakra ríkisstofnana.

Um árabíl hefur staðið til að endurnýja lánakerfi ríkisins með kerfi sem uppfyllir betur þarfir nútímans og tengingar við önnur upplýsingakerfi. SKIL, lána- og innheimtukerfi ríkisins, hefur þjónað ríkissjóði og ríkisstofnunum í röskan hálfan annan áratug. Það var þróað sem undirkerfi eldra fjárhagsbókhalds ríkisins, BÁR, og sendi upplýsingar með vélrænum hætti yfir í það. Hins vegar hefur kerfið ekki getað skilað af sér vélrænt yfir í OEBS sem tók við af BÁR. Á árinu 2006 var ákveðið að huga að nýju lánakerfi og unninn nauðsynlegur undirbúningur í tengslum við það, þar á meðal þarfragreining og verklýsingar. Í framhaldi af því var gerður samningur við OMX á Íslandi um innleiðingu og afnot af Libra Loan til að halda utan um lán ríkissjóðs hjá FJS, Lánasýslu ríkisins og Seðlabanka Íslands. Innleiðingin hófst í lok ársins og er ráðgert að henni ljúki á fyrri hluta ársins 2007 og tekur þá Libra Loan við af SKIL.

Undirbúningur að rafrænum launaseðli hófst á árinu. Í því felst að í stað þess að senda út prentaða launaseðla á pappír er launþegum boðið upp á að nálgast sín launagögn í heimabanka sínum eða í sjálfsafgreiðslu OEBS. Breytt fyrirkomulag felur í sér augljósa hagræðingu og sparnað auk þess að vera mjög umhverfisvænt. Í lok desember var öllum ríkisstarfsmönnum sent bréf þar sem kynnt var að rafrænn launaseðill kæmi til framkvæmda við útborgun launa 1. febrúar 2007. Jafnframt kom þar fram að þeir launþegar sem þess óska geta fengið sinn launaseðil sendan áfram í pósti. Samhliða rafrænum launaseðli var ákveðið að breyta útliti launaseðilsins auk þess sem þar koma nú fram meiri upplýsingar en áður, svo sem varðandi mótframlag launagreiðanda í tengslum við séreignasparnað.

Eitt af markmiðum ársins var að efla leiðbeiningar og vinna að auknum skilningi og þekkingu meðal starfsmanna ríkisins á OEBS og þeim möguleikum sem kerfið hefur upp á að bjóða. Að mörgu leyti má segja að ásættanlegur árangur hafi náðst þótt enn sé töluvert langt í land enda kerfið viðamikil og flókið. Almennt hafa starfsmenn öðlast aukna færni og sjálfstæði í vinnubrögðum við notkun þess, þó er ljóst að víða er þekkingin takmörkuð svo sem á uppflettimöguleikum, yfirlitum o. fl. FJS þarf að vinna áfram markvisst að því að auka þjónustu og upplýsingagjöf til viðkomandi aðila.

Á árinu beindust helstu verkefni við OEBS að því að ljúka innleiðingu á mannauðshluta kerfisins hjá heilbrigðisstofnunum utan höfuðborgarsvæðisins. Síðasta ríkisstofnunin var tekin inn um síðustu áramót og þar með eru laun allra ríkisstarfsmanna í A-hluta komin inn í kerfið.

Í apríl var stórum áfanga náð þegar allt OEBS var komið á íslensku. Notendum býðst þó áfram að nota enska útgáfu af kerfinu. Viðbrögð notenda hafa verið mjög jákvæð við íslensku útgáfunni og er nú svo komið að flestir þeirra nota hana.

Á árinu var mikið verk unnið við að ryðja rafrænum viðskiptum braut. FJS tók þátt í samnorrænu verkefni sem miðar að því að koma upp sameiginlegum staðli fyrir rafræn viðskipti. Í lok ársins kom þessi staðall út og er nú unnið að frekari þróun á honum. Verulegar líkur eru á að staðallinn

verði tekinn upp á öllu EES svæðinu. Í OEBS var unnið við breytingu á uppsetningu þannig að kerfið geti tekið við rafrænum reikningum á þessu formi. Byggt var á reynslu Kaupmannahafnarborgar sem er með hliðstæða uppsetningu. Gert er ráð fyrir að fyrstu rafrænu reikningarnir verði afgreiddir í kerfinu á árinu 2007.

Í nóvember var sett upp ný útgáfa af OEBS. Er þetta þriðja útgáfan sem tekin hefur verið í notkun frá árinu 2001 en í henni er að finna fjölda nýjunga og viðbóta. Það að koma nýrri útgáfu í rekstur er stórt og tímafrekt verkefni. Vel tókst til með þessa útgáfu og greiðlega tókst að leysa úr villum sem komu upp.

Undanfarin ár hefur Skýrr hf. annast þróun og viðhald í OEBS en EJS hf. hefur séð um rekstur kerfisins. Í báðum tilvikum voru gerðir samningar við félögin að undangengnum útboðum, þ.e. við Skýrr hf. árið 2001 og við EJS hf. árið 2002. Á árinu 2006 festi Skýrr hf. kaup á EJS hf. og nokkru eftir það eignaðist Dagsbrún meirihluta í Skýrr hf. Í framhaldi af því fóru fram viðræður um hvort ekki væri unnt að ná fram hagræðingu með því að sameina umsýslu kerfisins á einn stað. FJS taldi að af því væri augljós ávinningur fyrir ríkissjóð bæði vegna minna umfangs í rekstrarumhverfinu og um leið einföldun við uppfærslu á kerfinu. Samningar náðust um þetta síðla árs og um áramótin 2006/2007 yfirtók Skýrr hf reksturinn á OEBS.

Helstu verkefni við Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) á árinu beindust að áframhaldandi þróun kerfisins og einna helst í greiðslu-, álagningar- og vanskilahluta þess. Þar var lögð áhersla á aukna hagræðingu fyrir notendur kerfisins og sjálfsafgreiðslu hins almenna borgara. Unnið var að því að breyta formi greiðslukvittunar kerfisins og hún gerð rafræn. Reiknað er með að þessi breyting spari sýslumannsembættunum allt að tvær milljónir kvittanaafrita á ári. Á árinu var einnig hafinn undirbúningur að rafrænum skilum úr bókhaldskerfi TBR til fjárhagshluta OEBS. Stefnt er að því að rafræn skil fari fram daglega frá ársbyrjun 2007. Þá var gengið eftir að fá formlega vottun hjá RSK á TBR um að það uppfylli kröfu laga um rafrænt bókhald skv. reglugerð nr. 598/1999 og hafi heimild til útgáfu rafrænna sölureikninga í einriti. Formleg vottun var gefin út 28. desember 2006.



## Fjármál

Rekstrarsviðið í náinni samvinnu við fjársýslustjóra hefur yfirumsjón með fjármálum stofnunarinnar ásamt gerð rekstraráætlana. Í tengslum við gerð árlegra rekstraráætlana er jafnframt farið yfir málefni einstakra sviða með viðkomandi forstöðumönnum. Er það gert til að fá betri heildarsýn á fjármál stofnunarinnar og tryggja nauðsynlega samræmingu verkefna og forgangsröðun. Fjársýslustjóri og forstöðumenn sviða bera einnig ábyrgð á gerð langtímaáætlunar og ársskýrslu. Langtímaáætlunin endurspeglar stefnumörkun og megináherslur starfseminnar til lengri tíma og taka rekstraráætlanir jafnan mið af samþykktri langtímaáætlun innan þess ramma sem fjárveitingar leyfa. Í ársskýrslu er loks gerður samanburður á útgjöldum og fjárheimildum auk talnalegs samanburðar á markmiðum ársins og útkomu.

Fjárheimildir FJS í fjárlögum 2006 námu alls 1.081 millj. kr., hækkuðu um 42 millj. kr. eða 4% frá árinu á undan. Heildargjöld ársins að frádregnum sértekjum voru um 1.040 millj. kr., hækkuðu um 3 millj. kr. frá árinu á undan.

### Yfirlit í millj. kr. á verðlagi hvers árs

	2006	2005	2004
Sértekjur	-2,2	-2,4	-7,5
Rekstrargjöld	431,9	394,3	367,1
Rekstur upplýsingakerfa	593,3	483,4	548,0
Stofnkostnaður upplýsingakerfa	17,1	150,9	155,3
Annar stofnkostnaður og eignakaup	0	10,9	10,0
<b>Gjöld umfram sértekjur</b>	<b>1.040,1</b>	<b>1.037,1</b>	<b>1.072,9</b>
Framlag ríkissjóðs	1.081,3	1.039,7	976,3
<b>Hagnaður / tap ársins</b>	<b>41,2</b>	<b>2,6</b>	<b>-96,6</b>

### Uppsafnaðar fjárheimildir í millj. kr.


	2006	2005	2004
Staða í ársbyrjun	51,2	48,6	145,2
Hagnaður / tap ársins	41,2	2,6	-96,6
<b>Staða í árslok</b>	<b>92,4</b>	<b>51,2</b>	<b>48,6</b>

Þau þrjú ár sem yfirlitið sýnir sveiflast afkoman töluvert. Skýrist það einkum af því að tilkostnaður við hin ýmsu upplýsingakerfi hliðrast oft til á milli tímabila. Í árslok 2006 er fjárheimildastaðan jákvæð um 92,4 millj. kr. enda margvíslegur kostnaður og verkefni sem hafa dregist frá upphaflegum áætlunum. Að öðru leyti vísast til ársreiknings FJS og skýringa hér aftar í skýrslunni.


## Starfsmenn og þróun

Í árslok 2006 voru starfsmenn FJS 73 og er það svipaður fjöldi og árið áður. Karlmenntu eru færri eða 29 samanborið við 44 konur. Hlutfall karla er því 40% og kvenna 60% og er það nánast óbreytt frá árinu á undan. Myndirnar hér að neðan sýna fjölda starfsmanna innan sviða og eftir kyni í árslok 2006.

### FJÖLDI STARFSMANNA EFTIR SVIÐUM




## KYNJAHLUTFALL STARFSMANNA



Á árinu voru ráðnir 13 nýir starfsmenn og 12 starfsmenn hættu, þar af voru 2 í tímabundnu starfi. Starfsmannavelta var rúmlega 11% hlutfall hjá fastráðnum sem hættu að eigin ósk sem er sama hlutfall og árið áður. Meðalaldur starfsmanna var 48,4 ár samanborið við 48,5 árið áður. Fjöldmennasti hópurinn eða 17 talsins er á aldursbilinu 41-45 ára eins og kemur glögg fram í myndinni. Meðalstarfsaldur var 12,4 ár samanborið við 11,9 ár árið áður. Hlutfall starfsmanna með þriggja ára starfsreynslu eða lengri var tæplega 77% og er það eilítið hærra hlutfall en á síðasta ári.

## ALDURSDREIFING STARFSMANNA



FJS hefur á að skipa breiðum hópi sérfræðinga. Menntun starfsmanna var þannig háttáð að tæplega 36% starfsmanna eru með háskólapróf og eru langflestir þeirra viðskiptafræðimenntaðir. Að frátöldum langvarandi veikindum hjá starfsmönnum sem voru tæplega 500 dagar á árinu 2006, námu veikindafjarvistir rúmlega 7 dögum að meðaltali á starfsmann á árinu, samanborið við 9 daga árið áður.

Listi yfir starfsmenn FJS í árslok 2006 er birtur innan á kápu hér fyrir aftan.

## Kennitölur

Kennitölur hafa ekki einungis upplýsingagildi heldur einnig margvíslega hagnýta þýðingu við stefnumótun og stjórnun þar sem þær gefa góða vísbendingu um hvernig hefur gengið að ná settum markmiðum.

## Gerð ríkisreiknings

Meginmarkmið með gerð ríkisreiknings er að birta ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Á þann hátt fæst glögg mynd af heildarumsvifum ríkissjóðs. Fjöldi reikningsliða hjá A-hluta ríkissjóðs var eftirfarandi:

	2006	2005
Æðsta stjórn ríkisins og ráðuneyti	15	15
Ríkisstofnanir	251	255
Tilfærsluliðir	132	129
Aðrir liðir	136	138
<b>Fjárlagaliðir samtals í A-hluta ríkisreiknings</b>	<b>534</b>	<b>537</b>

Í ríkisreikningi eru einnig birtar lykiltölur úr ársreikningum fyrirtækja og stofnana í eigu ríkisins í B, C, D og E-hluta. Árið 2006 voru þessir aðilar 32 sem er sami fjöldi og árið á undan.



## Eignaskrá ríkisins

Samkvæmt 15. gr. laga um Fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, ber A-hluta aðilum að skila árlega skrá yfir varanlega rekstrarfjármuni til birtingar í ríkisreikningi. Fjöldi eignaskráa sem átti að skila í tengslum við gerð ríkisreiknings 2005 nam alls 281, þar af skiluðu 273 eignaskrá eða 97,2% en 8 aðilar uppfylltu ekki lögbundin skil.

## Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir

Í aðalatriðum má skipta greiðsluþjónustu FJS í tvennt, þ.e. fyrir ríkissjóð annars vegar og ráðuneyti og ýmsar smærri ríkisstofnanir hins vegar.

**Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð** er vegna greiðslna á launum og framlögum til ríkisaðila og annarra sem fá framlög frá ríkissjóði. Þessar greiðslur ná einnig til greiðslu reikninga, barna- og vaxta-bóta, skila á tekjum til sveitarfélaga, sókna- og kirkjugarða, skila á inneignum eftir skattálagningu o.fl. Loks nær greiðsluþjónustan einnig til innheimtu af veittum lánum og greiðslna af teknum lánum ríkissjóðs.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að koma greiðslum beint inn á bankareikninga í stað þess að skrifa út tékka.

Innlegg á bankareikninga	2006	2005
Bankainnlegg vegna greiðslu reikninga o.fl.	175.265	177.411
Bankainnlegg vegna launagreiðslna	288.671	277.711
Bankainnlegg í barnabóta- og skattvinnslum	214.183	259.573
<b>Fjöldi bankainnleggja</b>	<b>678.119</b>	<b>714.695</b>
Tékkar	2006	2005
Fjöldi tékka vegna greiðslu reikninga o.fl.	3.238	4.511
Fjöldi tékka í launavinnslu	1.757	2.244
Fjöldi tékka í barnabóta- og skattvinnslum	58.325	54.966
<b>Fjöldi tékka</b>	<b>63.320</b>	<b>61.721</b>

Fjöldi tékka jókst reyndar um 2,6% á milli ára á meðan innleggjum fækkaði um 5,1%. Samanlagt nam heildarfjöldi greiðslna um 741 þúsund á árinu 2006 og fækkaði um 4,5% frá árinu á undan.

**Greiðsluþjónusta fyrir ráðuneyti og smærri ríkisstofnanir** nær til allra greiðslna á aðsendum reikningum vegna rekstrarkostnaðar o.fl., styrkveitinga og samninga. Stærri ríkisstofnanir annast hins vegar yfirleitt sjálfar greiðslur á eigin reikningum.

	2006	2005
Fjöldi ráðuneyta og stofnana í greiðsluþjónustu FJS	91	99
Innheimt skuldabréf, húsaleigusamningar og reikningar	14.024	14.423
Greiddir reikningar	178.503	181.922

## Bókhaldsþjónusta og ráðgjöf við stofnanir ríkisins

Samkvæmt fjárreiðulögunum hefur FJS yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum þeirra aðila sem ríkisreikningur nær til. FJS veitir ráðuneytum og stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu um bókhald og námskeiðahald sem tengist því. Bókhald stofnana sem eru í bókhaldsþjónustu er bókað og skráð hjá FJS, en flestar þeirra eru einnig í greiðsluþjónustu.

	2006	2005
Fjöldi ráðuneyta og stofnana í bókhaldsþjónustu FJS	102	111
Ríkisstofnanir sem annast sjálfar eigið bókhald	164	159

## Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (OEBS)

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (OEBS) er samhæft heildarlausn í viðskiptahugbúnaði. Kerfið keyrir á Oracle gagnagrunni og samanstendur af u.þ.b. 60 kerfishlutum þar á meðal fjárhagsbókhaldi, launa- og starfsmannakerfi, verkbókhaldi, innkaupakerfi, eignakerfi ofl. Notendur tengjast hugbúnaðinum með vefskoðara yfir netið. Kerfið hefur verið lagað að íslenskum aðstæðum t.d. með tengingu við þjóðskrá og tekur mið að íslenskum reglum um virðisaukaskatt.

**Fjárhagskerfið** heldur utan um bókhald ríkissjóðs og stofnana ríkisins. Kerfið er einnig notað fyrir alla uppgjörsvinnu við gerð ríkisreiknings og aðra upplýsingagjöf. Fjárhagskerfinu tilheyrir líka eignakerfi sem verið er að setja upp hjá stofnunum og tekur við af eldra eignakerfi. Kerfið heldur utan um alla varanlega rekstrarfjármuni til birtingar í ríkisreikningi.

	2006	2005
Stofnanir sem nota Oracle	246	247
Stofnanir utan Oracle	20	23

**Mannauðskerfið** heldur utan um starfsmanna- og launagreiðslukerfi. Í starfsmannahlutanum liggja fyrir víðtækar upplýsingar þar á meðal um launakjör og aðrar forsendur sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að annast launagreiðslur til starfsmanna í gegnum launagreiðsluhlutann. Í kerfinu eru nú greidd laun starfsmanna hjá öllum A-hluta stofnunum og að auki hjá nokkrum B- og C-hluta stofnunum.


	2006	2005
Fjöldi launamanna	31.766	29.539
Fjöldi launavinnsla	15	40
Fjöldi launaseðla í útborgunum	290.428	279.955

Í árslok 2006 höfðu allar ríkisstofnanir í A-hluta tekið upp launagreiðslukerfi OEBS en innleiðingunni lauk á árinu 2006 þegar heilbrigðisstofnanir utan Reykjavíkur tóku upp kerfið. Loks er vinnustundin sem allmargar stofnanir hafa sett upp hjá sér en kerfið er sérsniðið fyrir ríkisstofnanir og tengist beint við mannauðskerfið.

**Aðrir kerfishlutar** sem settir hafa verið upp í OEBS eru: Vörustýring, verkbókhald, birgðir, pantanir og vefverslun. Enn sem komið er hafa fáar stofnanir tekið upp þessa kerfishluta.

## Lánakerfi

Stofnunin annast lánakerfi ríkisins, SKIL, en það heldur utan um öll veitt og tekin lán ríkisins. SKIL er elst af þeim upplýsingakerfum sem notuð eru hjá FJS. Á árinu 2006 var ákveðið að



huga að nýju lánakerfi og í lok ársins var gerður samningur við OMX á Íslandi um innleiðingu og afnot af Libra Loan til að halda utan um lán ríkissjóðs hjá FJS, Lánasýslu ríkisins og Seðlabanka Íslands. Ráðgert er að Libra kerfið taki við á fyrri hluta ársins 2007.

	2006	2005
Fjöldi veittra og tekinnna lána	387	650

### Tekjubókhaldskerfi ríkisins

FJS hefur umsjón með tveimur kerfum sem notuð eru við innheimtu og skiptingu á tekjum ríkissjóðs, þ.e. Innheimtuskilakerfi og Tekjubókhaldskerfi ríkisins, TBR.

	2006	2005
Útgefnir greiðsluseðlar	995.112	881.465
Útgefnir gíróseðlar	569.521	725.031
Greiddir greiðslu- og gíróseðlar	1.192.118	1.195.580
Útsend innheimtubríf	180.021	198.544

Fjöldi útgefna greiðsluseðla jókst um 12,9% á milli ára en gíróseðlum fækkaði um 21,4%. Samanlagt voru útgefnir seðlar tæplega 1,6 milljónir á árinu 2006 og fækkaði um 2,6% frá árinu á undan. Haldið verður áfram að flytja útgáfu gíróseðla yfir í greiðsluseðla á næstu árum.

### Uppgjör og skil á staðgreiðslu

FJS sér um að skipta og skila innheimtri staðgreiðslu á milli ríkissjóðs og einstakra sveitarfélaga. Jafnframt sér FJS um að skila hlutdeild í tekjuskatti til sókna og trúfélaga. FJS sér um greiðslur kirkjugarðsgjalda til kirkjugarða og kirkjugarðssjóðs.

	2006	2005
Sveitarfélög	83	103
Sóknir	328	328
Kirkjugarðar	256	256

### Námskeið

Nokkur námskeið voru haldin fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir á árinu 2006 af FJS og í samvinnu við aðra, svo sem Skýrr hf. Námskeið í fjárhags- og mannauðshluta OEBS voru alfarið á vegum Skýrr hf. á árinu 2006. FJS og Skýrr hf. vinna að samningi um sameiginleg námskeið í OEBS þar sem Skýrr mun sinna tæknilegri fræðslu um uppbyggingu kerfisins en FJS leiðbeinir varðandi verkferla og almenn vinnubrögð.

	2006	2005
OEBS - fjárhagsnámskeið	-	13
OEBS - mannauðsnámskeið	-	35
Vinnustund - námskeið	8	27
TBR - námskeið	4	-
Uppgjör - námskeið	-	2
Rekstraráætlun - námskeið	2	-



20006

GL.



# Fjársýsla ríkisins

Ársreikningur 2006

Fjársýsla ríkisins  
Sölvhólgötu 7  
150 Reykjavík  
kt. 540269-7509



## Staðfesting ársreiknings

Fjársýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum. Fjársýsla ríkisins er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Fjársýslustjóri veitir henni forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra til fimm ára í senn.

Hlutverk Fjársýslu ríkisins er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins. Jafnframt ber stofnuninni að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð.


Helstu verkefni:

1. Gerð og framsetning uppgjóra fyrir ríkissjóð, ásamt útgáfu ríkisreiknings.
2. Samræming og gerð verklagsreglna fyrir bókhald og reikningsskil ríkisins.
3. Rekstur upplýsingakerfa, þróun og ráðgjöf er tengist notkun þeirra.
4. Ráðgjöf og kennsla fyrir ríkisaðila um bókhald, reikningsskil, innheimtu og launaafgreiðslu. Einnig ráðgjöf um nýtingu fjárhagsupplýsinga við fjármálastjórn.
5. Eftirfylgni með því að bókhald stofnana sé uppfært reglulega og um tilhögun innra eftirlits.
6. Færsla fjárhags- og launabókhalds fyrir ríkisstofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.
7. Móttaka innheimtufjár og að annast greiðslur fyrir ríkissjóð.
8. Umsjón með innheimtugagnavinnslum ríkissjóðs.

Á árinu 2006 nam tekjuafgangur stofnunarinnar 41,2 millj. kr. Eignir samkvæmt efnahagsreikningi nema 120,6 millj. kr. og eigið fé 92,4 millj. kr.

Fjársýslustjóri staðfestir ársreikning stofnunarinnar með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. mars 2007



Gunnar H. Hall  
fjársýslustjóri

## Áritun endurskoðenda

### Til fjármálaráðuneytis

Við höfum endurskoðað ársreikning Fjársýslu ríkisins fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af fjársýslustjóra á ábyrgð hans í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.


Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga, og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fjársýslu ríkisins á árinu 2006, efnahag 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 26. mars 2007

  
Sigurður Þórðarson,  
ríkisendurskoðandi

## Rekstrarreikningur árið 2006

Rekstrartekjur	Skýr	2006	2005
Ýmsar tekjur.....		2.193.429	2.433.870
<b>Samtals</b>	1	<u>2.193.429</u>	<u>2.433.870</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
<b>Almennur rekstur</b>			
Launagjöld.....	2	364.038.019	332.649.833
Starfstengdur kostnaður.....	3	5.582.738	6.479.525
Rekstrarvörur og aðkeypt þjónusta.....	4	8.145.422	11.797.819
Prentun og póstburðargjöld.....	5	8.202.795	6.478.246
Sími og tengigjöld.....	6	5.076.160	4.569.439
Leigugjöld.....	7	32.532.520	31.283.496
Viðhald á tækjum og búnaði.....	8	2.054.550	1.004.709
Eignakaup.....	9	6.256.750	384.094
<b>Samtals</b>		<u>431.888.954</u>	<u>394.647.161</u>
<b>Rekstur upplýsingakerfa</b>			
Launagreiðslukerfi.....	10	13.959.995	25.085.679
Tekjubókhaldskerfi.....	11	256.362.930	256.621.360
Bókhalds- og áætlunarkerfi.....	12	12.109.920	19.755.456
Fjárhags- og starfsmannakerfi.....	2,13	310.854.886	182.041.443
<b>Samtals</b>		<u>593.287.731</u>	<u>483.503.938</u>
<b>Rekstrargjöld alls</b>		<u>1.025.176.685</u>	<u>878.151.099</u>
<b>Stofnkostnaður</b>			
Hugbúnaðargerð f. nýtt fjárh.- og starfsm.kerfi	14	307.080	136.590.833
Hugbúnaðargerð f. bókhalds- og áætlanagerfi .	15	808.858	8.260.159
Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi.....	16	4.840.000	6.005.177
Annar stofnkostnaður.....	17	11.127.686	10.543.931
<b>Stofnkostnaður alls</b>		<u>17.083.624</u>	<u>161.400.100</u>
<b>Gjöld alls</b>		<u>1.042.260.309</u>	<u>1.039.551.199</u>
<b>Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags</b>		( 1.040.066.880)	( 1.037.117.329)
Ríkisframlag.....		<u>1.081.300.000</u>	<u>1.039.700.000</u>
<b>Tekjuafgangur (halli)</b>		<u>41.233.120</u>	<u>2.582.671</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eignir	Skýr	31.12.2006	31.12.2005
Veltufjármunir:			
Ríkissjóður.....	19	119.990.748	85.024.735
Viðskiptakröfur.....		590.903	644.216
<b>Eignir alls</b>		<u>120.581.651</u>	<u>85.668.951</u>
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....		51.191.059	48.608.388
Tekjuafgangur (halli) á árinu.....		41.233.120	2.582.671
	20	<u>92.424.179</u>	<u>51.191.059</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ógreidd gjöld.....	18	28.157.472	34.477.892
		<u>28.157.472</u>	<u>34.477.892</u>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>		<u>120.581.651</u>	<u>85.668.951</u>

## Sjóðstreymi árið 2006

	Skýr	2006	2005
<b>Handbært fé frá rekstri:</b>			
Veltufé frá rekstri:			
Tekjuafgangur (halli).....		41.233.120	2.582.671
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<u>41.233.120</u>	<u>2.582.671</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur (hækkun).....		53.313	760.167
Viðskiptaskuldir (lækkun).....		( 6.320.420)	( 9.516.041)
		<u>( 6.267.107)</u>	<u>( 8.755.874)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>34.966.013</u>	<u>( 6.173.203)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Breyting á stöðu við ríkissjóð.			
Framlag ríkissjóðs.....		1.081.300.000	1.039.700.000
Greitt úr ríkissjóði.....		( 1.046.333.987)	( 1.045.873.203)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<u>34.966.013</u>	<u>( 6.173.203)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....</b>		0	0
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í lok ársins</b>		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

## Skýringar með ársreikningi

### Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Fjársýslu ríkisins er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

### Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatta.

### Skráning tekna

Sértekjur stofnunarinnar eru skráðar við afhendingu vöru eða þjónustu.

### Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni. Í lok ársins eru áfallin gjöld gjaldfærð í rekstrarreikningi og skuldfærð sem ógreidd í árslok.

### Starfspáttaskipting

Rekstri stofnunarinnar er skipt í viðfangsefni eftir verkefnum hennar.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

### Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna hvílir á stofnuninni. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

### Bókhald og fjárvarsla

Rekstrarsvið Fjársýslu ríkisins sér um færslu bókhaldsins fyrir stofnunina en ríkisfjárhirsla annast greiðslu reikninga. Útreikningur og greiðsla launa fer fram í nýju fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins en stofnunin sér um rekstur og viðhald þess.



## Skýringar með ársreikningi

### Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum námu samtals 1.081 millj. kr. og hækkuðu um 65 millj. kr. að undanskildum launa- og verðlagshækkunum. Þar af hækkuðu framlög um 60 millj. kr. til að standa undir kostnaði við samninga sem gerðir hafa verið um viðhald, þjónustu og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins. Þá voru millifærðar 4,6 millj. kr. af aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins vegna flutnings verkefna frá henni til Fjársýslunnar. Á undanförunum árum hefur ýmis launa- og sérfræðikostnaður við innleiðingu á nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins verið færður á önnur viðföng hjá þeim verkefnum sem unnið er að. Hann var nú færður undir almennan rekstur.

Fjárheimildir jukust um 0,2 millj. kr. á fjárukalögum vegna breytinga á launaforsendum. Þá lækkuðu heimildir um 0,3 millj. kr. vegna launaendurmats. Fjárheimildir ársins námu því 1.081 millj. kr.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum námu 1.040,1 millj. kr. og tekjuafgangur af starfseminni 41,2 millj. kr.

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur
Sértekjur.....	(1.100)	(1.100)	(2.193)
Launagjöld.....	341.200	341.100	364.038
Önnur rekstrargjöld.....	93.200	93.200	67.851
Rekstur upplýsingakerfa.....	624.100	624.100	593.288
	1.058.500	1.058.400	1.025.177
Hugbúnaðargerð f. tekjubókhaldskerfi o.fl.....	9.000	9.000	4.840
Hugbúnaðarg. fyrir fjárh.- og stm. kerfi rík....	15.000	15.000	12.244
	24.000	24.000	17.084
	1.081.400	1.081.300	1.040.067

Rekstrarafgangur af almennum rekstri nam 3,5 millj. kr., rekstri upplýsingakerfa 30,8 millj. kr. og stofnkostnaði 6,9 millj. kr.

## Skýringar með ársreikningi

### Framsetning fjárlaga í þús. kr.

	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur
Sértekjur.....	( 1.100)	( 1.100)	( 2.193)
Tekjur samtals:	( 1.100)	( 1.100)	( 2.193)
Almennur rekstur.....	434.400	434.300	431.889
Tekjubókhaldskerfi.....	274.600	274.600	256.363
Fjárhags- og starfsmannakerfi.....	349.500	349.500	336.925
Almennur rekstur samtals:	1.058.500	1.058.400	1.025.177
Hugbúnaðargerð f. tekjubókhaldskerfi o.fl.....	9.000	9.000	4.840
Hugbún.gerð fyrir fjárh.- og stm. kerfi rík.....	15.000	15.000	12.244
Stofnkostnaður samtals:	24.000	24.000	17.084
Alls:	1.081.400	1.081.300	1.040.067

Rekstrarreikningur áráanna 2006 og 2005 sundurliðast með eftirfarandi hætti eftir tegundum:

Í þús. kr.	2006	2005
Sértekjur.....	( 2.193)	( 2.434)
Launagjöld.....	364.038	332.650
Önnur rekstrargjöld.....	67.851	61.613
Rekstur upplýsingakerfa.....	593.288	483.504
	1.022.983	875.333
Stofnkostnaður upplýsingakerfa.....	5.956	150.856
Annar stofnkostnaður og eignakaup.....	11.128	10.928
	1.040.067	1.037.117

### 1. Tekjur

Tekjur drógust saman um 0,2 millj. kr. milli ára eða um 9,9%. Stofnunin fékk greiddar 1,5 millj. kr. vegna innheimtu fasteignagjalda fyrir Reykjavíkurborg. Þá fékk hún 0,3 millj. kr. greiddar fyrir að annast bókhald Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Aðrar tekjur eru tilkomnar vegna námskeiðahalds, sölu á notuðum tölvubúnaði o.fl.

Þjónustutekjur.....	2.104.429	2.119.224
Aðrar tekjur.....	89.000	314.646
	2.193.429	2.433.870

## Skýringar með ársreikningi

### Sundurliðanir

#### 2. Launagjöld

Launakostnaður jókst um 14,1 millj. kr. milli ára eða um 4%. Ársverk dagvinnulauna voru 70,9 en 72,4 árið áður og hefur þeim fækkað um 1,5 eða um 2,1% milli ára. Kjarasamningar fólu í sér ríflega 5% hækkun launa á árinu.

Engin laun voru gjaldfærð á stofnkostnað en ríflega 2,1 millj. kr. á rekstrarviðfangsefni kerfa sem er tæplega helmingi lægri fjárhæð en árið áður. Þeirra er getið í viðeigandi skýringum.

	2006	2005
Dagvinna.....	230.441.749	213.656.544
Vaktaálagsgreiðslur.....	498.438	535.876
Aukagreiðslur.....	25.960.448	33.535.837
Yfirvinna.....	45.310.615	43.637.478
Launatengd gjöld.....	63.979.360	60.733.764
Alls:	366.190.610	352.099.499
Launagjöld færð á rekstur upplýsingakerfa.....	( 2.152.591)	( 4.569.997)
Launagjöld færð á stofnkostnað.....	0	( 14.879.669)
	<u>364.038.019</u>	<u>332.649.833</u>

#### 3. Starfstengdur kostnaður

Kostnaðurinn lækkaði um 0,9 millj. kr. á milli ára eða um 13,8%. Lækkun ferðakostnaðar á milli ára skýrist af því að norrænn fundur fjársýslustjóra var haldinn hérlendis á árinu 2006 og af kostnaði sem féll til á árinu 2005 vegna námsleyfis starfsmanns erlendis. Á ferðakostnað nú er færður dvalarkostnaður innanlands, en enginn kostnaður vegna ferða erlendis er færður á almennan rekstur. Hins vegar féll slíkur kostnaður til vegna fjárhags- og starfsmannakerfis og er gjaldfærður þar. Risna er að hluta vegna starfsmanna en hækkar einnig vegna fyrrgreinds norræns fundar fjársýslustjóra. Framlög til starfsmannafélags eru vegna þátttöku stofnunarinnar í félagsstarfi starfsmanna.

Ferðakostnaður.....	248.144	1.755.017
Námskeið o.fl.....	261.008	471.803
Akstur.....	1.545.251	1.463.601
Risna og gjafir o.fl.....	1.378.335	789.104
Starfsmannafélag o.fl.....	2.150.000	2.000.000
	<u>5.582.738</u>	<u>6.479.525</u>

## Skýringar með ársreikningi

### 4. Rekstrarvörur og aðkeypt þjónusta

Kostnaður þessi lækkaði um 3,7 millj. kr. eða 31% milli ára. Annar rekstrarkostnaður hækkar vegna aukinna kaupa á rekstrarvörum og máltíðum vegna fundarhalda. Skýrist það m.a. af fyrrgreindum fundi fjársýslustjóra. Þjónustugjöld eru greiðslur á bankakostnaði til Seðlabanka Íslands. Útgjöld vegna þjónustugjalda lækka á milli ára þar sem þau eru nú færð á fjárlagalið 09-250, innheimtukostnað. Kostnaður við hugbúnaðarleyfi lækkar þar sem hugbúnaðarvöndull var keyptur árið 2005 en engin sambærileg kaup féllu til árið 2006.

	2006	2005
Bækur og ritföng.....	2.138.828	2.411.461
Skrifstofuáhöld og aukahlutir fyrir tölvur.....	1.219.196	725.959
Annar rekstrarkostnaður.....	4.002.267	1.655.588
Hugbúnaðarleyfi o.fl.....	79.064	3.323.034
Þjónustugjöld.....	64.485	3.400.089
Aðkeyptur akstur.....	641.582	281.688
	<u>8.145.422</u>	<u>11.797.819</u>

### 5. Prentun og póstburðargjöld

Kostnaður þessi hækkaði um 1,7 millj. kr. milli ára. Undir prentkostnað er m.a. færð prentun ríkisreiknings, ársskýrslu og tékka fyrir ríkisfjárhirslu. Hækkun hans skýrist einkum af hærri hönnunarkostnaði við útgáfu ríkisreiknings.

Prentun.....	5.987.676	4.177.489
Póstburðargjöld og flutningsgjöld.....	2.215.119	2.300.757
	<u>8.202.795</u>	<u>6.478.246</u>

### 6. Sími og tengigjöld

Kostnaðurinn hækkar um 0,5 millj. kr. milli ára eða um 11,1%.

Sími.....	4.690.719	4.344.439
Afnotagjöld af skráum og línnum.....	385.441	225.000
	<u>5.076.160</u>	<u>4.569.439</u>

### 7. Leigugjöld

Stofnunin er með aðsetur að Sölvhólgötu 7 og leigir húsnæðið af Rekstrarfélagi stjórnarráðsbygginga. Húsaleiga nam 32,5 millj. kr. og hækkaði um 3,8% á milli ára.

## Skýringar með ársreikningi

### 8. Viðhald á tækjum og búnaði

Kostnaður þessi hækkaði um 1 millj. kr. milli ára eða 104,5%. Annað viðhald hækkar um 0,6 millj. kr. milli ára vegna kaupa á tölvuskjástöndum og merkingum á húsnæði. Þá féll til kostnaður við sameiningu afgreiðslna stofnunarinnar niður á fyrstu hæð.

	2006	2005
Iðnaðarmenn.....	240.520	146.717
Viðhald skrifstofuvéla og tækja.....	1.118.587	770.036
Annað viðhald.....	695.443	87.956
	2.054.550	1.004.709

### 9. Eignakaup

Framsetningu ársreikningsins hefur verið breytt á þann hátt að nú er eignakaupum skipt á milli rekstrar og stofnkostnaðar. Kostnaður við eignakaup jókst um 5,9 millj. kr. milli ára. Keyptar voru tvær ljósritunarvélar, húsgögn, tölvubúnaður o.fl.

Húsgögn og búnaður.....	1.331.940	384.094
Skrifstofuvélar.....	2.041.242	0
Tölvubúnaður.....	2.761.675	0
Síma- og fjarskiptabúnaður.....	121.893	0
	6.256.750	384.094

### 10. Rekstur eldra launagreiðslukerfis

Útgjöld vegna reksturs kerfisins námu tæplega 14 millj. kr. og lækkuðu um 11,1 millj. kr. milli ára eða um 44,4%. Lækkunin kemur fram í rekstrarsamningum og viðhaldi og endurbótum á hugbúnaði. Kerfið er nú eingöngu notað til uppflettinga þar sem nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi hefur tekið við hlutverki þess.

Rekstrarsamningar.....	1.338.410	7.922.076
Viðhald og endurbætur á hugbúnaði.....	3.665.129	9.428.678
Rekstrarleiga tölvubúnaðar .....	4.346.580	4.215.234
Annað.....	4.609.876	3.519.691
	13.959.995	25.085.679

## Skýringar með ársreikningi

### 11. Rekstur tekjubókhaldskerfis

Útgjöld vegna reksturs tekjubókhaldskerfisins námu 256,4 millj. kr. og lækkuðu um 0,3 millj. kr. milli ára eða 0,1%. Rekstrarsamningarnir eru vegna tekjubókhaldskerfis ríkisins, TBR og einnig TBI. Kostnaður hækkar á milli ára í framhaldi af endurnýjun samninganna. Kostnaður við samning um þróun og viðhald kerfanna nam 91,2 millj. kr. Gerður var nýr samningur til tveggja ára við þjónustuaðila sem fól í sér færri aðkeyptar vinnustundir en áður og skýrir það lækkunina. Afnotagjöld eru þjónustugjöld vegna afnota TBR af skráum Hagstofu Íslands.

	2006	2005
Rekstrarsamningur.....	160.361.549	150.656.156
Samningur um þróun og viðhald.....	91.162.400	99.194.200
Afnotagjöld.....	4.838.981	6.771.004
	<u>256.362.930</u>	<u>256.621.360</u>

### 12. Rekstur bókhalds- og áætlanakerfis

Útgjöld vegna reksturs bókhalds- og áætlanakerfis (BÁR), tékkaeftirlitskerfis og Skil námu 12,1 millj. kr. og lækkuðu um 7,6 millj. kr. eða 38,7% frá árinu áður. Kostnaður við rekstrarsamninga lækkaði um 2,8 millj. kr. BÁR er nú einungis opið til uppfléttinga. Greiðslur Fjársýslunnar fyrir viðhald og endurbætur kerfisins lækkuðu um 3,4 millj. kr. á milli ára.

Rekstrarsamningur.....	6.310.254	9.117.259
Viðhald og endurbætur á hugbúnaði.....	3.512.405	6.866.381
Hugbúnaður.....	1.262.856	1.468.067
Annað.....	1.024.405	2.303.749
	<u>12.109.920</u>	<u>19.755.456</u>

### 13. Rekstur fjárhags- og starfsmannakerfis

Útgjöldin námu 310,9 millj. kr., hækkuðu um 128,8 millj. kr. milli ára eða um 70,8%. Undir liðinn fellur rekstrarkostnaður og rekstrarsamningar. Hækkunina má rekja til þess að bókun á þjónustusamningi var færð af stofnkostnaði yfir í rekstur og viðeigandi fjárheimild var jafnframt flutt. Innifalin í liðnum annað eru gjaldfærð laun starfsmanna og nema þau tæplega 2,2 millj. kr.

Rekstrarsamningar .....	53.080.564	53.006.076
Samningur um rekstur og hýsingu kerfisins.....	34.671.639	41.496.250
Oracle viðhaldsgjöld.....	81.101.750	74.887.548
Þjónustusamningur.....	125.484.600	0
Annað.....	16.516.333	12.651.569
	<u>310.854.886</u>	<u>182.041.443</u>

## Skýringar með ársreikningi

### 14. Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi

Vegna breytinga sem gerðar hafa verið á framsetningu reikningsins lækkar kostnaðurinn verulega. Bókun á þjónustusamningi var færður yfir á rekstur fjárhags- og starfsmannakerfis eins og fram kemur í skýringu 13.

	2006	2005
Launagjöld.....	0	5.114.333
Þjónustusamningar um Oracle.....	0	122.300.000
Sérfræðiþjónusta.....	307.080	5.628.497
Ferðakostnaður og ýmis starfstengdur kostnaður.....	0	3.067.010
Annað.....	0	480.993
	307.080	136.590.833

### 15. Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og áætlanagerfi

Sérfræðikostnaður við uppbyggingu á vöruhúsi gagna fyrir BÁR nam um 0,8 millj. kr.

### 16. Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi

Enginn launakostnaður starfsmanna er færður á viðfangsefnið eins og á síðasta ári.

Launagjöld.....	0	6.005.177
Hugbúnaðargerð.....	4.840.000	0
	4.840.000	6.005.177

### 17. Stofnkostnaður

Keyptar voru þrjár vélar sem notaðar eru sem miðlarar fyrir Oracle kerfið. Þá er gjaldfærður afnotaréttur á nýju lánakerfi, Libra Loan og kemur það í stað eldra lánakerfis, Skil.

Húsgögn og búnaður.....	0	806.869
Skrifstofuvélar.....	0	622.927
Tölvubúnaður.....	11.127.686	8.760.747
Síma- og fjarskiptabúnaður.....	0	353.388
	11.127.686	10.543.931

### 18. Viðskiptaskuldir

Ógreidd gjöld.....	28.157.472	34.477.892
	28.157.472	34.477.892

## Skýringar með ársreikningi

### 19. Viðskiptareikningur ríkissjóðs

Í efnahagsreikningi er gerð grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok nam krafa stofnunarinnar á ríkissjóð 120 millj. kr. en í upphafi árs 85 millj. kr. Staðan hefur þannig hækkað um 35 millj. kr. á milli ára.

Staða 1. janúar 2006.....	85.024.735
Ríkisframlag.....	1.081.300.000
Greitt úr ríkissjóði.....	( 1.046.333.987)
Staða 31. desember 2006	<u>119.990.748</u>

### 20. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í árslok sýnir höfuðstóll stofnunarinnar ónýttar heimildir að fjárhæð 92,4 millj. kr. Eigið fé hækkaði um 41,2 millj. kr. á árinu eða sem nemur tekjuafgangi ársins.

Höfuðstóll 1. janúar 2006.....	51.191.059
Ríkisframlag.....	1.081.300.000
Gjöld að frádregnum sértekjum.....	( 1.040.066.880)
Höfuðstóll 31. desember 2006	<u>92.424.179</u>







# STARFSMENN FJÁRSÝSLU RÍKISINS Í ÁRSLOK 2006

Gunnar H. Hall, fjársýslustjóri

## BÓKHALDSSVIÐ

Alfreð Svavar Erlingsson, forstöðumaður

Anna Guðmundsdóttir

Berglind Guðmundsdóttir

Bryndís Sveinsdóttir

Brynhildur Birgisdóttir

Einar Torfi Ásgeirsson

Guðrún Ingibjörg Alexiusdóttir

Halldóra Jónasdóttir

Haraldur Blöndal

Hildur Hafsteinsdóttir

Hulda Þórisdóttir

Ingibjörg Sívertsen Jónsdóttir

Kristín Hildimundardóttir

Margrét Bjarnadóttir

Sigríður Valdimarsdóttir

Sigurpála Birgisdóttir

Sóley Jakobsdóttir

Sæþór Skarphéðinsson

## RÍKISFJÁRHIRSLA

Magni Steinsson, forstöðumaður

Guðmundur Vigfússon

Kristín Orradóttir

Ragna Unnur Helgadóttir

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Vigfúsdóttir

Thelma Hólm Másdóttir

## TEKJUSVIÐ

Ásta Garðarsdóttir, forstöðumaður

Guðjón Á. Ríkharðsson

Halldór Jóhann Harðarson

Haraldur Eiríksson

Helga Garðarsdóttir

Kristján Geir Ólafsson

Máni Radmanesh

Rut Ófeigsdóttir

Steinvör Edda Einarsdóttir

Þorvaldur Steinarsson

## LAUNASVIÐ

Lára G. Hansdóttir, forstöðumaður

Aðalheiður Tómasdóttir

Arngrímur V. Angantýsson

Drífa Ósk Sumarliðadóttir

Guðbjörg Sigurðardóttir

Guðrún J. Haraldsdóttir

Gunnar Finnbogason

Hulda Jónsdóttir

Jóhanna Guðbjörnsdóttir

Ragnheiður Jónsdóttir

Steinunn Þorsteinsdóttir

## TÆKNISVIÐ

Stefán Kjærnested, varafjársýslustjóri

Bergþór Skúlason

Björn Kristjánsson

Guðbrandur Jón Jónsson

Guðný G. Guðlaugsdóttir

Gunnar Guðnason

Helgi Nielsen

Jóhann Friðrik Klausen

Jóhann Þór Arnarsson

Óttar Arnaldsson

## REKSTRARSVIÐ

Ragnheiður Gunnarsdóttir, forstöðumaður

Böðvar Héðinsson, starfsmannastjóri

Gunnar Hámundarson

Hansína Rut Rútsdóttir

Oddrún Pétursdóttir

Sigríður Ingólfssdóttir

Svanhvít Erla Einarsdóttir

Pórey Erla Ragnarsdóttir

## UPPGJÖRSSVIÐ

Helga Viðarsdóttir, forstöðumaður

Elín Viola Magnúsdóttir

Guðrún Kristjánsdóttir

Jóhannes Páll Gunnarsson

Jónas H. Jónsson

Sif Cortes

Theodóra P. Sigurðardóttir

## INNRA EFTIRLIT

Pétur Jónsson

